



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 20. mars 2019
MÍ201903-0056/ 6.09 / K.M.

Efni: Svínhagi í Rangárþingi ytra. Deiliskipulags- og matslýsing.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 27. feb. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulags- og matslýsingu fyrir hluta af jörðinni Svínhaga í Rangárþingi ytra.

Jörðin Svínhagi er landnámsjörð. Hluti af jörðinni er í aðalskipulagi skilgreindur sem verslunar- og þjónustureitur, VP29. Svæðið eru um 157 ha að stærð. Sú deiliskipulagslýsing sem hér er til umfjöllunar nær til um 5 ha svæðis innan VP29. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir gistiheimili/hóтели, gestahúsum og aðstöðu starfsmanna. Til greina kemur einnig að byggja upp baðlaugar. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður gerð grein fyrir aðkomuvegi, bílastæðum, þjónustubyggingu, gistihúsum og öðru því sem tilheyrir ferðaþjónustusvæðinu. Útmörk deiliskipulagsreitsins liggja ekki nákvæmlega fyrir þar sem endanleg staðsetning húsa hefur ekki verið ákveðin.

Árið 2008 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla I*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir fornleifum í landi Svínhaga. Engar fornleifar eru skráðar á reit VP29. Skammt vestan við reitinn er gömul leið, Kotsgötur (RA-298:018), og hleðsla/rétt (RA-298:038). Suðaustur horn reits VP29 er sérstakt í lögun og eins og sneið hafi þar verið tekið úr reitnum. Þar, utan reitsins, er beitarhúsatóft (RA-298:037).

Sú fornleifaskráning sem gerð hefur verið á jörðinni Svínhaga er ekki fullnægjandi skráning fyrir deiliskipulag. Þegar tillaga að deiliskipulagi svæðisins liggur fyrir þarf að senda Minjastofnun hana til umsagnar. Starfsmaður stofnunarinnar mun þá fara á staðinn og meta hvort þörf sé á frekari skráningu innan svæðisins.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við deiliskipulags- og matslýsingu fyrir hluta af jörðinni Svínhaga í Rangárþingi ytra frá 3. jan. s.l. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Eftir forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)